

**Sp.**

**1026. Nefndarálit**

[277. mál]

um till. til þál. um rannsókn- og tilraunastöð fiskeldis.

Frá atvinnumálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fengið umsagnir frá Fiskifélagi Íslands, Tilraunastöð Háskólans í meinafræði, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, veiðimálastjóra, yfirdýralækni og Rannsóknaráði ríkisins.

Nefndin hefur einnig fjallað um brtt. á þskj. 534. Í aðaltillögunni er fjallað um að fiskeldisstöðin í Kollafirði verði rekin af væntanlegum félagsskap ríkisins og þeirra er fiskeldi stunda sem rannsókn- og tilraunastöð. Í breytingartillögunni er lagt til að einnig verði komið á fót tilraunastöð við Óxarfjörð.

Á vegum forsætisráðuneytisins er nú starfandi nefnd sem vinnur að undirbúningi löggjafar um fiskeldismál og tillögugerð um framtíðarskipulag þeirra mála. Atvinnumálanefnd telur nauðsynlegt að rannsókn- og tilraunastarfsemi á sviði fiskeldis sé eflð og slíkri starfsemi sköpuð nauðsynleg aðstaða.

Atvinnumálanefnd telur rétt að nefnd forsætisráðuneytisins fái til meðferðar aðaltillöguna, svo og breytingartillöguna, og leggur til að tillögunni verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**.

Garðar Sigurðsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 21. apríl 1986.

Birgir Ísl. Gunnarsson,  
form.

Björn Dagbjartsson,  
frsm.

Þórarinn Sigurjónsson.

Eggert Haukdal.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Kristín Halldórsdóttir.